

Laga- og reglugerðarákvæði

Í lögum um fiskeldi, nr. 71/2008 og í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 er gerð krafa um að umsókn um rekstrarleyfi til fiskeldis fylgi áætlun um fjármögnun, staðfesting á a.m.k. 30% eigin fjármögnun eldisins og rekstraráætlunar sem sýnir uppbyggingaferli eldisins og öflun hroga og seiða.

Í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 er tekið fram að staðfesting endurskoðanda um stöðu eiginfjár eða staðfesting um fyrirhugaða hlutafjárukningu eftir útgáfu rekstrarleyfis skuli liggja fyrir. Þegar staðfesting kveður á um fyrirhugaða hlutafjárukningu skal gildistaka rekstrarleyfis skilyrt því að ný staðfesting berist frá endurskoðanda um að staða eiginfjár uppfylli ofangreinda kröfu um 30% eigin fjármögnun eftir hlutafjárukningu.

Skráning starfstöðvar

Þegar umsókn um nýtt rekstrarleyfi berst Matvælastofnun þarf að fylgja henni nafn og kennitala umsækjanda ásamt heimilisfangi, síma og netfangi. Einnig þurfa að fylgja umsókninni upplýsingar um fyrirhugaðan hámarkslífsmassa stöðvarinnar, eignaraðild og fagþekkingu umsækjanda.

Móttaka Matvælastofnunar fær umsókn um rekstrarleyfi til sín og skráir í málakerfi One og kemur umsókninni áfram til fagsviðsstjóra leyfamála (FL). FL staðfestir móttöku á umsókninni og upplýsir umsækjanda um greiðslufyrirkomulag sem fylgir vinnu við umsóknina en umsókn um rekstrarleyfi er unnin samkvæmt tímagjaldi. Þegar FL hefur staðfest móttöku umsóknarinnar skráir hann nýja starfstöð í Ís-Leyf/ eftirlitskerfi.

Umsókn um endurnýjun á leyfi sem þegar er til staðar skal liggja fyrir eigi síðar en 7 mánuðum áður en að gildistúna upprunalegs leyfis líkur.

Matvælastofnun skal tilkynna umsækjanda innan mánaðar frá því umsókn berst hvort hún telst fullnægjandi.

Tryggingar

FL metur tryggingar skv. 14. gr. b. laga um fiskeldi nr. 71/2008 og 7. mgr. 21. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020.

Áður en rekstraleyfi fyrir eldi í sjókvíum er gefið út skal Matvælastofnun krefja umsækjanda um sönnun þess að hann hafi þegar keypt ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu tryggingarfélagi að fjárhæð 3.000 kr. fyrir hvert tonn lífmassa sem sótt er um heimild fyrir. Tryggingin skal vera í gildi út rekstrartímann skv. leyfisveitingu auk tveggja ára til viðbótar. Ábyrgðartryggingunni er ætlað að standa straum af þeim kostnaði sem til fellur við að fjarlægja búnað sjókvíeldisstöðvar sem hætt hefur starfsemi, viðgerð á búnaði, hreinsun á eldissvæði auk ráðstafana sem gæti þurft að grípa til vegna sjúkdómshættu.

Eldissvæði

FL gengur úr skugga um að gögn er varða eldissvæði sem berast með umsókn um rekstrarleyfi séu í samræmi við 4. gr. a laga um fiskeldi nr. 71/2008 og 6. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020.

Fjarlægðarmörk sjóeldis frá ám skulu vera að lágmarki 5 km þegar um laxfiska er að ræða og miðast sú fjarlægð við loftlínu að því undanskildu að tangar skilji á milli. FL sendir tölvupóst á Hafrannsóknastofnun og fær staðfest að fjarlægðarmörk séu virt skv. 6. mgr. 18. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020.

FL skal kynna sér strandsvæðisskipulag til að meta hvort svæði falli innan þess. Mikilvægt að fá kortasérfræðing til að setja hnit svæða inn á kort með reitum í strandsvæðisskipulagi.

Eldisbúnaður

Umsækjandi skal skila inn upplýsingum um þann eldisbúnað sem fyrirhugað er að nota í starfseminni og að hann standist þær kröfur sem gerðar eru.

Í rekstrarleyfi fiskeldisstöðvar í sjókvíaeldi þarf að tilgreina hnit eldissvæðis og hnit sjókvíaeldisstöðva innan hvers skilgreinds eldissvæðis. Hnit skulu vera lengd og breidd til útsetningar á sjókorti með nákvæmni upp á a.m.k. einn hundraðasta hluta úr mínútu. Viðmiðun skal vera WGS84.

Fagsviðsstjóri leyfamála metur hvort upplýsingar sem lagðar eru fram af umsækjanda varðandi eldisbúnað sem fyrirhugað er að nota í eldinu séu fullnægjandi skv. 12. gr. 12. hluta reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020. Ásamt því að hann standist kröfur NS. 9415:2009.

Tilhögun eldis

Í umsókn um rekstrarleyfis sjókvíaeldis þarf að koma fram hvort um sé að ræða kynslóðaskipt eldi eða ekki auk þess sem taka þarf fram hvort sótt sé um leyfi fyrir frjóum eða ófrjóum laxi. Eldisfyrirtæki eru skyldug til að halda skrá yfir uppruna þeirra laxa sem hafðir eru í eldi sem byggir á gagnagrunni um erfðaeftirhlut hjá hrognu framleiðanda.

Sé umsókn um eldi á frjóum laxi skal Matvælastofnun meta hvort umsóknin samrýmist áhættumati erfðablöndunar samanber 18.gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi. *Jafnframt skal gefa út tvö aðskilin leyfi sé um að ræða umsókn á bæði frjóum og ófrjóum laxi.*

Þar sem eldi tveggja eldisfyrirtækja fer fram innan sama svæðis er Matvælastofnun heimilt að skilyrða rekstrarleyfi við samræmda útsetningu seiða og hvíld eldissvæða. Matvælastofnun er heimilt að skilyrða rekstrarleyfi við að rekstrarleyfishafi vinni með örðum rekstrarleyfishöfum á sama eða samliggjandi sjókvíeldissvæðum sameiginlega að sjúkdómavörnum, viðbrögðum við sjúkdómum og vöktun sníkjudýra. Ef við á skal tilgreina mótvægisáðgerðir í rekstrarleyfi.

FL skal kalla eftir upplýsingum/gögnum um að séu tveir rekstraraðilar á sama smitvarnarsvæði þá geri þeir með sér samning hvað varðar útsetningu og hvíld svæðis. Þessar upplýsingar þurfa að liggja fyrir áður en rekstrarleyfi er auglýst. lög um fiskeldi n. 71/2008 skilgreining 30.

Í 19. gr. og 46 gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 segir að Matvælastofnun sé heimilt að skilyrða rekstrarleyfi við samræmda útsetningu og hvíldartíma á eldissvæði.

Gæðakerfi

Rekstrarleyfishafi ber ábyrgð á því að innra eftirlit sé starfrækt með starfseminni, þ.m.t. eldisdýrum og heilbrigði þeirra, mannvirkjum og búnaði. Innra eftirlit stöðvarinnar skal vera í samræmi við ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla eða rekstrarleyfi sem eru veitt samkvæmt þeim. Rekstrarleyfishafa er skylt að sannprófa að bæði eftirlit og úrbætur séu í samræmi við reglur um innra eftirlit.

47. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 kveður á um að rekstrarleyfishafa sé skylt að sannprófa að eftirlit og úrbætur séu í samræmi við reglur um innra eftirlit og skal Matvælastofnun jafnframt sannreyna að svo sé.

Í gæðakerfi umsækjanda skulu koma fram upplýsingar um innra eftirlit fiskeldisstöðvar. Innra eftirlit allra sjókvíeldisstöðva og seiðastöðva fyrir sjókvíaeldi. Auk þess skulu koma fram upplýsingar um mótvægisáðgerðir umsækjanda til að koma í veg fyrir eða draga úr líkum á stroki.

Eldisfyrirtækjum sem eru með yfir 20 tonna heildarlífmassa er skylt að starfrækja gæðakerfi sem inniheldur verklagsreglur sem fjalla að lágmarki um þjálfun starfsmanna, um móttöku seiða, um losun á dauðfiski og slátrun og viðbragðsáætlanir sem að lágmarki ná til stroks, tímabundinna og varanlegrar rekstrarstöðvunar, massadauða, olíumengunar, meindýra og tjóns á búnaði auk innra eftirlits.

Rekstraráætlun- eldisáætlun

Í 2 og 3. mgr. 8. gr laga um fiskeldi nr. 71/2008 er fjallað um rekstraráætlun fiskeldisfyrirtækja sem þarf að fylgja umsókn. Í samræmi við þessa þætti þarf umsækjandi að skila inn rekstrar-eldisáætlun þar sem fram kemur uppbyggingarferli eldisins s.s. öflun hrognu og seiða. Séu upplýsingar sem fylgja umsókninni Matvælastofnun kallar eftir ítarlegri rekstraráætlun vegna framkvæmdarinnar.

Smitvarnaráttun

Með reglugerð nr. 462/2021 var innleidd reglugerð ESB nr. 2020/691 um viðbót við reglugerð ESB nr. 2016/429 að því er varðar reglur um lagareldisstöðvar og flutningsaðila fyrir lagardýr. Í 5. gr. reglugerðarinnar, sbr. b. liður 7. gr., kemur m.a. fram að lögbært yfirvald skuli einungis samþykkja lagareldisstöðvar hafi rekstraraðilar þeirra þróað og skjalfest áætlun um smitvarnir (d. Bioskringsplan) sem uppfyllir tilteknar kröfur, m.a. um að tilgreindar séu þær leiðir sem sjúkdómsvaldur geti komist eftir inn í lagareldisstöð eða hóp lagareldisstöðva, dreifst innan hennar og borist frá henni út í umhverfið eða til annarra lagareldisstöðva, sbr. a. lið. Jafnframt að tekið sé tillit til sérkenna einstakra lagareldisstöðva eða hóps lagareldisstöðva og tilgreindar mildandi ráðstafanir fyrir hverja áhættu varðandi smitvarnir sem hefur greinst, sbr. b-lið. Að auki er vísað til þátta sem nánar koma fram í viðauka við reglugerðina.

Matsskýrsla umsækjanda og álit Skipulagsstofnunar

Í matskýrslu skulu vera upplýsingar um heildarstærð stöðvar í rúmmetrum, staðsetning og afstöðumynd af væntanlegri starfsemi þar sem fram kemur lega og stærð einstakra eldiseininga. Upplýsingar um hámarkslífmassa stöðvar, upplýsingar um eldisstofna, þ.m.t. hlutfall frjórna laxa og ófrjórna í laxeldi og eldisaðferðir, hvort um sé að ræða eldi, ræktun eða aðrar aðferðir þurfa einnig að koma fram ásamt upplýsingum um erfðabreyttar lagarlífverur.

Í 18. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 kemur meðal annars fram að Matvælastofnun skuli leggja mat á hvort fyrirhuguð starfsemi uppfylli þær kröfur sem gerðar eru um heilbrigði og velferð lagardýra. Jafnframt er tekið fram að Matvælastofnun getur aflað umsagna hjá Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun ásamt viðkomandi sveitarfélagi um fyrirhugaða starfsemi. Enn fremur segir í greininni „Veiti fyrirbyggjandi gögn ekki nægjanlegar upplýsingar til þess að mat verði lagt á þætti sem um getur í þessari grein getur Matvælastofnun lagt fyrir umsækjanda að láta í té frekari upplýsingar áður en rekstrarleyfi er veitt.“

Eldi undir 200 tonnum í sjó og 20 tonnum í ferskvatni er á borði sveitarfélaga.

Samkvæmt tölulíðum 1.08. og 1.09. er fjallað um það þaueldi á fiski sem fellur undir lög nr. 111/2021. Eldi undir 200 tonnum með fráveitu í sjó og undir 20 tonnum og fráveitu í ferskvatni er ekki talið upp þar. Samkvæmt leiðbeiningum frá Skipulagsstofnun þá er það á forræði sveitarfélaga að taka afstöðu til framkvæmda sem falla utan laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Hafa þarf samband við sveitarfélagið og fá staðfestingu á að starfsemin samrýmist gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðarþróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Einnig er haft samband við skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa um þessa þætti.

Skipulagsáætlanir vegna slíkra framkvæmda falla undir lög 111/2021. Sveitarfélög fjalla um og taka afstöðu til framkvæmda undir viðmiðunarmörkum við gerð skipulags og við leyfisveitingar (bygginga- og framkvæmdaleyfi).

Í áliti Skipulagsstofnunar skal koma fram: Afrit af ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmdin sé ekki matsskyld, álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, eða heimild Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. 17. gr. þeirra laga til að vinna samtímis að mati á umhverfisáhrifum og starfsleyfi.

Viðbótargögn

Hafi ekki öll gögn borist eða ef frekari gagna vegna endurútgáfu sé krafist kallar FL eftir þeim áður en umsagna er leitað og áður en að tillaga eða endurútgáfa er auglýst.

Þegar um endurnýjun er að ræða skal einnig skoða burðarþolsmat og ganga úr skugga um að ekki hafi orðið breyting þar á síðan leyfið var upphaflega gefið út, en taka þarf tillit til breytts burðarþolsmats þegar endurútgáfu er að ræða.

Skorti gögn til að meta hvort umsækjandi standist enn skilyrði til endurnýjunar rekstrarleyfis skal Matvælastofnun kalla eftir ýtarlegri gögnum og rekstraraðila skylt að láta þau í té. Sama á við um allar þær breytingar sem gerðar hafa verið á starfseminni eða eru fyrirhugaðar á leyfistíma, gögn um slíkt þurfa að liggja fyrir.

Umsagnarbeiðnir og umsagnir

Skv. 7. mgr. 18. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 getur Matvælastofnun óskað eftir umsögnum frá Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun og viðkomandi sveitarfélagi um hvort fyrirhuguð starfsemi gefi tilefni til neikvæðra vist og/eða erfðafræðiahrifa. Hér er átt við nýtt leyfi.

Hafi engar breytingar á starfsemi átt sér stað eða eru fyrirhugaðar þarf ekki að afla nýrra umsagna. Tillaga að rekstrarleyfi er samt sem áður send á þessa aðila og gefst þeim þá tækifæri á að koma með athugasemdir.

Tillaga að rekstrarleyfi

Unnið í samræmi við VLY-137 um tillögu að rekstrarleyfi (TAR).

Athugasemdir við tillögu/úrvinnsla athugasemda

Sérfræðingar fiskeldisdeildar sem fara yfir og taka afstöðu til athugasemda vegna auglýsingar um leyfisveitingar eru FL og lögræðingur fiskeldisdeildar. Þeir geta kallað inn aðra starfsmenn deildarinnar til ráðgjafar telji þeir það nauðsynlegt. Sérfræðingar fara yfir og svara athugasemdum sem berast vegna útgáfu leyfis skv. VLY-136.

Útgáfa leyfis

Afgreiðslufundur er haldinn þar sem farið er yfir efni leyfis og greinargerð með sérfræðingum fiskeldisdeildar. Ef leyfið og greinargerðin er samþykkt til útgáfu þá er leyfið gefið út ásamt greinargerð.

Skv. 22. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 skal fylgja rekstrarleyfi greinargerð Matvælastofnunar þar sem farið er yfir málsmeðferðina, gerð grein fyrir samræmi milli leyfis og niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum og rökstutt sérstaklega ef í leyfinu er vikið frá niðurstöðu álits. Matvælastofnun skal í greinargerðinni einnig taka afstöðu til tengdra leyfisveitingar, þegar tilefni er til, ef um það er fjallað í áliti Skipulagsstofnunar. Í greinargerðinni skal tekin rökstudd afstaða til sjúkdómstengdra þátta sem kunna að fylgja starfsemi fiskeldisstöðvar og gerð grein fyrir afstöðu til athugasemda sem bárust. Enn fremur kemur fram í sömu grein að Matvælastofnun skuli birta ákvörðun sína um útgáfu leyfis innan tveggja vikna frá afgreiðslu þess. Í auglýsingunni skal tilgreina hvar greinargerð um afgreiðslu leyfis er aðgengileg og tilgreina um kærueimild og kærufrest.